## 1926 nr. 6 15. júní

## Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur)

■ **1. gr.** Happdrætti, hverrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

□ Peningahappdrætti eða önnur því lík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

■ **2. gr.** Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 49. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA